

Svæðisskipulagsnefnd Austurlands
Tjarnarbraut 39
700 Egilsstöðum

Reykjavík 6. september 2018
UST201806-369/K.S.J.
10.04.01

Efni: Lýsing - Svæðisskipulag Austurlands

Vísað er til erindis Svæðisskipulagsnefndar Austurlands er barst 29. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu Svæðisskipulags Austurlands.

Umhverfisstofnun tekur undir það að unnið er að gerð svæðisskipulagsstillögu fyrir Austurland.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun tekur undir þá áherslu á kortlagningu og skráningu náttúruminja er fram kemur í ofangreindri lýsingu.

Atvinna og auðlindir


Umhverfisstofnun tekur undir þá áherslu varðandi skipulag haf- og strandsvæða sem sett er fram í ofangreindri lýsingu. Einnig tekur stofnunin undir mikilvægi þess að vinna að nýtingaráætlun fyrir firðina á Austurlandi og að firðir þar sem áform eru um uppbyggingu fiskeldis hafi forgang. Umhverfisstofnun minnir á að skipulag haf- og strandsvæða skal vera skv. lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.


Samgöngur

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um samgöngur á svæðisskipulagssvæðinu og bendir jafnframt á mikilvægi þess að hugað verði að umhverfissvænum samgöngum í svæðisskipulagi, s.s. að breyttum ferðavenjum og að stefnumótun varðandi hjólastíga komi fram í svæðisskipulagstillögunni.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur